

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Evu Sjöfn Helgadóttur um sjálfsöfnæmissjúkdóma.

1. *Hversu margir hafa greinst með sjálfsöfnæmissjúkdóm á Íslandi sl. 20 ár? Svar óskast sundurliðað eftir aldri og kyni.*

Undir sjálfsöfnæmissjúkdóma fellur breiður flokkur sjúkdóma í mörgum líffærakerfum sem eiga það sameiginlegt að tengjast viðbrögðum ónæmiskerfisins, til að mynda MS, rauðir úlfar, sjögrens-heilkenni, rheumatoid arthritis (iktsýki), sóríasis o.fl. Á vegum heilbrigðisyfirvalda, þ.m.t. hjá embætti landlæknis, er ekki haldin sérstök skrá um sjálfsöfnæmissjúkdóma. Því hefur heilbrigðisráðherra ekki upplýsingar um fjölda greininga þeirra.

2. *Hefur greiningum á sjálfsöfnæmissjúkdómum fjölgað eftir COVID-19-faraldurinn?*

Ekki er haldin sérstök skrá yfir sjálfsöfnæmissjúkdóma á vegum heilbrigðisyfirvalda hér á landi og er því ekki unnt að svara þessari spurningu með fullnægjandi hætti. Svo unnt væri að svara fyrirspurninni þyrfti að fara fram sjálfstæð rannsókn og ítarleg gagnaöflun.

3. *Eru sjálfsöfnæmissjúkdómar algengari hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum? Ef svo er, hefur ráðherra skoðað hvaða hugsanlegu ástæður gætu legið þar að baki?*

Þar sem á vegum heilbrigðisyfirvalda er ekki haldin sérstök skrá yfir sjálfsöfnæmissjúkdóma er ekki unnt að svara þessari spurningu með fullnægjandi hætti.